



SEMENTSVERKSMÍÐJAN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Mánabraut 20 300 Akranes
Sími: 430 5000
Bréfasími: 430 5001
Netfang: sement@sement.is
Veffang: www.sement.is

Akranesi, 25. nóvember 2002

Efni: Bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 14. nóvember 2002.

Skv. framangreindu bréfi er óskað eftir umsögn Sementverksmiðjunnar hf varðandi þingsályktunartillögu um úttekt á framtíðarhlutverki Sementverksmiðjunnar hf við förgun spilliefna.


Sementverksmiðjan hf lýsir yfir stuðningi við tillöguna með þeirri athugasemd að í stað orðsins “spilliefna” komi orðið “úrgangsefna”.

Sementverksmiðjan hefur í samstarfi við Efnamóttökuna, látið vinna drög að skýrslu um brennslu úrgangsefna í ofni fyrirtækisins, en telur það málinu til framdráttar að fulltrúar frá fleiri aðilum komi einnig að málinu.

Sementverksmiðjan vill benda á, að auk eyðingar á fljótandi úrgangsefnum eins og nú á sér stað, þá getur fyrirtækið tekið að sér eyðingu á hjólbörðum og plasti sem til fellur í landinu, en varla mikið umfram það. Allt er þetta að vísu háð því að hægt verði að tryggja framtíðarrekstur fyrirtækisins.

Virðingarfyllt

SEMENTSVERKSMÍÐJAN HF



Gylfi Þórðarson